

FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á 

Miðvikudagur 28. ágúst 2019 | 29. tbl. 17. árg. | Upplag 10.500 eintök. | Dreift vikulega frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur



**END
POLIO
NOW**

www.rotary.is

ÚTRÝMUM LÖMUNARVEIKI



Gullnáman

Boltinn í beinni og lifandi
tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir samkvæmi
stærri og smærri hópa.

Happy Hour alla daga kl. 15 - 19 og fleiri flott tilboð á barnum.



Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200

Burger*inn



Sími: 555 7030
www.burgerinn.is



Hvernig miðbæ vilja bæjarbúar?

Tillögur starfshóps gera ráð fyrir tvöföldun bygginarmagns

Bæjarbúar fá nú frest til 20. september til að gera athugasemdir við tillögur um skipulag miðbæjarins sem hvergi hafa verið kynntar á opnum fundum í bænum. Sjá bls. 7

GUNNAR SV. FRÍÐRIKSSON

Sími 842 2217



HELGAFELL
FASTEIGNASALA



Hafa bæjarbúar verið spurdir um álit sitt á þróun miðbæjar Hafnarfjarðar?



TAXI

Hafnfirsa
leigubílastöðin

520 1212

Jón Arnlóss
KÖKULIST



**Treystu
mér fyrir
veislunni!**

www.kokulist.is

Firði • sími 555 6655



Komdu í Karate

Hefjum æfingar samkvæmt
stundatöflu 2. september

Allar nánari upplýsingar
á heimasíðu deildarinnar www.kdh.is



FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn og auglýsingar: 565 4513, 896 4613

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Póstdreifing

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði

leiðarinn



Enn er bæjarstjórn Hafnarfjarðar og stjórnissýslan að klinka á veigamiklu máli, íbúalýðræðinu og góðu samráði.

Þrátt fyrir fögur fyrirheit virðist hver bæjarstjórnin á fætur annarri klinka á því að eiga gott samráð með íbúum. Skortur á kynningu á drögum að nýju skipulagi fyrir miðbæinn óskrá á bæjarbúa. Enginn fékk að sjá þær tillögur sem þrjár arkitektastofur lögðu fram í febrúar í fyrra. Nú er búið að velja eina og vinnuhópur um skipulagsvinnuna hafnar því að fara í opna samkeppni um miðbæjarskipulagið.

Sigur að ekkert nýtt fengist út úr því sem ekki kom í hinum tillögnum. Þetta er eins og þegar maðurinn sagði að búið væri að finna allt upp.

Nú fá bæjarbúar aðeins tíma til 20. september til að koma með ábendingar og athugasemdir en samt hafa tillögum hvergi verið kynntar eða auglýstar.

Hvar er samráðið við íbúana? Vilja menn fá íbúana upp á móti sér með því að leggja fram tillögur um að byggja eigi hús meðfram allri strandlengjunni framan við miðbæinn? Eru menn búnir að gleyma deilunni um húsnaði Fjarðar? Eru menn búnir að gleyma deilunum um Norður-bakkann? Þó þarna sé aðeins verið að vinna drög til undirbúnings deiliskipulagsvinnu þá er verið að móta forsendur að skipulagi miðbæjarins án þess að bæjarbúar hafi verið spurðir að því hvernig miðbæmenn vilja.

Skrif hér til hliðar benda einnig til að illa sé staðið að skipulagsmálum á Hraunum eins og reyndar kom fram í frétt um málið í síðasta tölublaði. Það er hægt að gera miklu betur!

Guðni Gíslason ritstjóri.

Hraunin í Hafnarfirði

Framtíðar tækifærum kastað á glæ!

Því verður vart haldið fram að hafnirskir stjórnmálamenn hafi haft góð tök á skipulagsmálum undanfarna áratugi. Hið svokallaða verktakalýðræði, þar sem verktakar bæjarins studdu stjórnmálaflokkana sem sáu svo um að ryðja brautina fyrir þá í skipulagsmálum, hefur verið regla frekar en undantekning um árabil. Afleiðingar af þessari aðferðafræði sjáum við víða um bæinn þar sem hagur byggingaraðila var tekinn fram yfir lífsgæði íbúanna, fagurfræði og fagmennsku í skipulagsmálum. Við þetta bæst svo auðvitað kosningar á fjögurra ára fresti þar sem nýjar áherslur, ný viðmið og ný vinnubrögð fara ekki endilega vel saman við byggt umhverfi eða áætlanir sem við viljum að haldi svo í 100 ár og meira!

Á síðasta kjörtímabili 2014-2018 lögðum við undirrituð sem fulltrúar Bjartrar Framtíðar í skipulags- og byggingarráði Hafnarfjarðar mikla áherslu á fagleg vinnubrögð - þar sem bæjarbúar og ekki síst framtíðar kynslóðir bæjarins voru settir í fyrsta sæti. Eitt af þeim verkefnum sem ýtt var úr vör var rammaskipulagsáætlun um Hraunin, sem snerist um endurskipulagningu og endurbyggingu iðnaðarhverfisins frá Flatahrauni niður í Engidal. Í aðalskipulagi Hafnarfjarðar er kveðið á um „að fullnýta byggingarmöguleika með þá eiginleika áður en uppbygging hefst á svæðum sem lengra eru í burtu“. Bilið á milli aðalskipulags og deiliskipulags er oft of stórt og því nauðsynlegt að búa til rammaskiplag sem mótar sýn sem verður svo bundin í deiliskipulagi. Haldin var skipulagssamkeppni og dómnefnd valdi tvær arkitektastofur til að gera heildstætt rammaskipulag fyrir allt hverfið. Gerð var ítarleg fagleg greining, þar sem skoðað var ofan í kjölinn hvernig skipuleggja mætti nýtt mannvænt og aðlaðandi hverfi sem tæki tillit til fleiri þátta en óska verktakans og uppbyggingaraðila.

Nú þegar komið er að því að stíga næstu skref með deiliskipulagi einstakra svæða innan hverfisins verður því miður að segja að fyrsta útspil núverandi meirihluta, deiliskipulag þess svæðis sem áður hýsti Trefjar hf. og nú hefur verið auglýst er því miður ömurlegt dæmi um skort á hugrekki stjórnmálamanna. Ekkert í þessari deiliskipulagstillögu er í samræmi við það sem þegar hafði verið ákveðið með rammaskipulaginu fyrir allt hverfið. Öll greiningarvinnan, samráðsfundirnir með hagsmunaaðilum og sérfræðingum, hönnunarvinnan og önnur fagleg vinna er greinilega komin á ruslahaugana og eftir stendur skipulag sem gengur út á það að troða eins mörgum íbúðafernetrum inná svæðið og mögulegt er. Líf milli húsanna, blöndun þjónustu og íbúðabygðar, græn svæði, endurheimt götusvæðisins fyrir fólk en ekki bíla og betri tengingum við samgönguásinn við Reykjavíkurveg er kastað á glæ fyrir endalausa íbúðafernetra allt að 10 hæða blokkir upp í loftið sem er helmingi herra en rammaskipulagið gerir ráð fyrir.

Við Hafnirfjörðingjar þekkjum líka svo vel af Völlumum hvað það þýðir þegar gefið er eftir í hæðum húsa.

Innviðir eins og skólar og leikskólar sem skipulagðir hafa verið á ákveðnum forsendum um fólksfjölda og barnafjölda springa með tilheyrandi samfélagslegu tjóni. Ójafnvægið er dýrt og það bitnar á börnunum okkar. Þá eru uppbyggingaraðilar hverfisins á bak og burt og sveitarfélagið þarf að bera tjónið.


Allt er kýlt út í ystu æsar í þessu nýja deiliskipulagi, mögulega til að geta dregið aðeins úr síðar „til að koma til móts við mótmæli bæjarbúa“ en það er alls ekki nóg. Hugrakkir stjórnmálamenn þurfa nú að henda þessari deiliskipulagstillögu í ruslið og senda byggingaraðilann heim að lesa með rammaskipulagið uppá vasann sem á að vera grundvöllur að mannvænlegri framtíðar uppbyggingu í Hrauninum. Deiliskipulag sem ekki byggir á faglegri rammaskipulagsvinnu síðustu ára má ekki hljóta blessun bæjarfulltrúanna okkar og alls ekki bæjarbúa.

Eitthvað virðist hugmyndafræðin um þéttingu byggðar líka hafa farið fyrir ofan garð og neðan hjá þeim sem blessuðu þetta deiliskipulag til auglýsingar. Það er ekki hægt að gera hverfi sem setur bæði fólk og bíla í fyrsta sætið, þannig virkar hugmyndafræðin ekki. Og hæðir húsa, nógu hátt er ekki þétting, það er aftenging við mannlíf á götum og skala þess samfélags sem landslagið kennir sig við. Og það er ekki hægt að halla sér upp að samgönguásnum og samt gera aðgengi bílsins jafn gott og það hefur alltaf verið. Þá verður þetta hvorki né hverfi og það hömum við sem þetta skrifum.

Möguleikar Hraunnanna, lega þess við samgönguásinn, núverandi innviðir og staðsetning gerir Hraunin að spennandi kosti. Hverfið getur byggst upp sem fyrirmynd í því hvernig kjarni og sökkull okkar Hafnirfjörðinga nær að þróast. Hverfisgötu og Austurgötu getum við ekki endurtekið - en við höfum alla möguleika á að skilgreina Hafnarfjörð til framtíðar í Hrauninum, ef við vöndum okkur.

Við hvetjum bæjarbúa til að kynna sér þetta mál og skila inn athugasemdum. Þetta snýst um bæinn okkar allra.

Borghildur Sturludóttir og Pétur Óskarsson sátu fyrir Bjarta Framtíð í skipulags- og byggingarráði á síðasta kjörtímabili 2014-2018.



Borghildur Sturludóttir



Pétur Óskarsson

Víðistaðakirkja
Sunnudagur 1. september

Guðspjónusta kl. 17

Kór Víðistaðasóknar syngur undir stjórn Helgu Þórdísar Guðmundsdóttur.

Prestur: Sr. Bragi J. Ingibergsson

Málsvörður á 1.000 kr.
í safnaðarsal að messu lokinni.


www.vidistadakirkja.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Sverrir Einarsson Margrét Á. Guðjónsd. Kristín Ingólfsdóttir Hannes Ó. Sampested

Símar allan sólarhringinn: 565 5892 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utfararstofa.is





VETRARSTARF

Fríkirkjunnar að hefjast

Sunnudagaskólinn á sunnudögum kl. 11
Fyrir alla fjölskylduna! Allir velkomnir!
Engin skráning!

Foreldramorgnar á miðvikudögum kl. 10-12

„Foreldramorgnar í Fríkirkjunni í Hafnarfirði“

Kríasálmar, 3-18 mánaða, á fimmtudögum kl. 10:30-11:15

„Kríasálmar í Fríkirkjunni í Hafnarfirði“

Krílakór yngri 1 árs og 2ja ára á miðvikudögum kl. 16:30-17

Krílakór eldri 3ja og 4ra á miðvikudögum kl. 17-17:30

„Krílakórar Fríkirkjunnar í Hafnarfirði“

Krakkakór 5-6 ára á mánudögum kl. 16:30-17:15

„Barnakór Fríkirkjunnar í Hafnarfirði“

Barnakór 7-9 ára á mánudögum kl. 16:30-17:30

„Barnakór Fríkirkjunnar í Hafnarfirði“

Tónsmiðja 13-15 ára á fimmtudögum kl. 19:30-21

„Tónsmiðja Fríkirkjunnar í Hafnarfirði“

Nýtt starf fyrir ungt fólk. Í vetur verður boðið upp á tónsmiðju þar sem áhersla verður lögð á söng, samsöng, röddun, mífrafónatækni, framkomu og margt fleira.

Upplýsingar og skráningarform:

á Facebook síðu kirkjunnar, „Fríkirkjan í Hafnarfirði“

Fermingar 2020

Dagskrá fermingarfræðslunnar og upplýsingar um ferðalög á Úlfjótssvatn má finna á heimsíðu kirkjunnar: frikirkja.is/fermingar



Sunnudagurinn 1. september:

Sunnudagaskóli kl. 11

**Kvöldvaka með
fermingarbörnum og
foreldrum kl. 20**



Nánar um starfið á www.frikirkja.is og á Facebook-síðu kirkjunnar: Fríkirkjan í Hafnarfirði

Listagjörningurinn Requiem

Eyrún Ósk og Hildur Kristín sýna um helgina

Helgina 31. ágúst og 1. september munu listakonurnar Eyrún Ósk Jónsdóttir og Hildur Kristín Thorstensen frumsýna leiklistargjörning, Requiem, í Lífsgæðasetrinu St. Jó. Eyrún samdi verkið og leikur í því en Hildur Kristín leikstýrir.

„Þetta er svona gjömingaverk sem tekur um klukkutíma í flutningi. Leikritið fjallar um Guðrúnu sem hefur alla tíð verið áhorfandi að lífi sínu en í dag er hún einnig áhorfandi að dauða sínum. Hún rankar við sér í líkkistu í eigin jarðarför en kann ekki við að trufla hana. Sagan gerist því í raun öll í jarðarförinni inni í líkkistunni,“ segir Hildur Kristín.

AÐ SMÍÐA LÍKKISTU FYRIR KONUNA MÍNA

„Aðal sviðsmyndin eða leikmunurinn er því líkkista. Og það er fyndið að segja frá því að sambýlismaður minn er búinn að standa sveittur úti í garði í marga daga að smíða fyrir mig líkkistu. Ég veit ekki hvað nágrannarnir halda en hann hefur fengið nokkur skrítn augnaráð, og nokkrir hafa komið út og spurt hann hvað hann sé eiginlega að gera og þá hefur hann svarað að hann sé að smíða líkkistu fyrir konuna sína, allt saman mjög rómantískt,“ segir Eyrún og hlær.



Eyrún Ósk Jónsdóttir höfundur verksins og Hildur Kristín Thorstensen leikstjóri.



Komdu í heimsókn!

Í tilefni 200 ára afmælis Oddfellowreglunnar viljum við kynna starfsemi hennar, líknar- og mannúðarstarf.

Við opnum dyr Regluheimila okkar fyrir landsmönnum öllum, sunnudaginn 1. september milli kl. 13:00-17:00.

Regluheimilinn eru á eftirtöldum stöðum:

Akranes:	Kirkjubraut 54-56
Ísafjörður:	Aðalstræti 35
Akureyri:	Sjafnarstígur 3
Egilsstaðir:	Fagradsalsbraut 25
Vestmannaeyjar:	Strandvegur 45
Selfoss:	Vallholt 19
Reykjanesbær:	Gröfin 6
Hafnarfjörður:	Staðarberg 2-4
Reykjavík:	Vonarstræti 10



Hlökkum til að sjá þig!

LÝSING AÐALSKIPULAGS-BREYTINGA OG ÍBÚAFUNDUR

29. ÁGÚST KL. 17 AÐ NORÐURHELLU 2

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er auglýst til kynningar lýsing vegna aðalskipulagsbreytinga er nær til íþróttasvæðis Hauka við Ásvelli vegna frekari uppbyggingar innan svæðisins.

Verklýsing aðalskipulagsbreytinga er aðgengileg á vef Hafnarfjarðarbæjar frá og með 21. ágúst nk.

Í framhaldi verður haldinn íbúafundur þar sem farið verður yfir breytingartillögurnar og uppbyggingu við Ásvelli. Íbúar eru hvattir til að mæta á fundinn og kynna sér fyrirhugaðar breytingar á skipulagi.

Fundurinn verður haldinn að Norðurhelli 2, þann 29. ágúst kl. 17-18:30.

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar. Skipulagsfulltrúi.



HAFNARFJÖRÐUR

585 5500 hafnarfjordur.is

Tónlistin í verkinu er eftir Ólaf Torfason tónlistarmann sem gaf út fyrstu sólóplötu sína Hamskipti nú í vor.

„Já, þetta er svona mitt á milli þess að vera leikrit og innsetning, tónlistin sem Ólafur gerði fyrir okkur spilar stórt hlutverk í verkinu í að búa til ákveðið andrúmsloft. Svo notum við einnig vídeó upptökur, raddupptökur, ljósmyndir og svo sýnum við þetta ekki á sviði heldur í fjölnota sal í Lífsgæðasetrinu svo það er eins og áhorfendur séu gestir í jarðarför,“ segir Hildur.

MEÐVIRKNIN KRYFJUÐ

„Í verkinu erum við að skoða meðvirkni ofan í kjölinn. Það var mjög skemmtileg áskorun að vinna með þetta viðfangsefni enda þekki ég meðvirkni ágætlega á eigin skinni,“ segir Eyrún.

Þetta er annað verkið sem þær vinna saman en í fyrra voru þær með ljóðagjörming um frið og kærleika sem þær kölluðu ljóðahugleiðslu á alþjóða friðardeginum í Frikirkjunni í Hafnarfirði.

„Það verk stækkaði í höndunum á okkur, og við vorum beðnar um að sýna það aftur og aftur, hér og þar á hinum ýmsu viðburðum og hátíðum. Og helg-



ina eftir að við sýnum Requiem munum við sýna friðarljóðagjörninginn á leiklistarhátíð í Finnlandi“ segir Eyrún.

„Svo erum við báðar að gefa út sitt-hvora bókina líka nú í haust, ég er að gefa út smásagnasafn fyrir börn og unglunga og Eyrún er að gefa út ljóðabók með ljóðum úr friðarljóðagjörmingnum og öðrum ljóðum. Svo það er nóg að gera þessa dagana“ segir Hildur að lokum.

Við óskum þeim góðs gengis í þeim verkefnum sem framundan eru. Þeir sem vilja panta miða á leiksýninguna er bent á að senda póst á jofridarstadir@gmail.com. Sýningarnar verða þrjár, laugardaginn 31. ágúst kl. 17 og aftur kl. 20 og síðan sunnudaginn 1. september kl. 18. Verkefnið hlaut menningarstyrk frá Hafnarfjarðabæ.

www.fjardarfrettir.is

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

hafnfirski fréttavefurinn

Líf og fjör í Hafnarfjarðarkirkju

Vertu með í öflugu starfi í vetur!

Sunnudagaskóli fyrir alla fjölskylduna kl. 11

Barnakór 6-10 ára mánudaga kl. 17-17.50

TTT starf fyrir 10-12 ára fimmtudaga kl. 16.15-17.15

Unglingakór 11-15 ára mánudaga kl. 18 og fimmtudaga kl. 17.30

Sunnudagurinn 1. september

**Messa og
sunnudagaskóli kl 11**

Prestur sr Þórhildur Ólafsson
Organisti Guðmundur Sigurðsson




HAFNARFJARÐARKIRKJA



Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu og facebooksíðu Hafnarfjarðarkirkju

www.hafnarfjardarkirkja.is | Finndu Hafnarfjarðarkirkju á Facebook



**BADMINTONFÉLAG
HAFNARFJARÐAR**


Æfingar hefjast 2. september
Badminton fyrir alla aldurshópa

www.badmintonfelag.is



Frjálsíþróttadeild FH

Æfingar yngri flokka 2019-2020



Komdu í frjalsar!

Frjálsíþróttadeild FH býður upp á frjálsíþróttæfingar fyrir börn og unglinga í 1.-10. bekk grunnskóla. Æfingarnar fara fram í glæsilegri aðstöðu í frjálsíþróttahúsi FH-inga og á frjálsíþróttavellinum í Kaplakrika (þegar veður leyfir).

Æfingar hefjast 2. september samkvæmt nýrri æfingatöflu.

Allar upplýsingar um æfingagjöld og niðurgreiðslu Hafnarfjarðarbæjar fyrir hvern aldursflokk er að finna á www.fh.is/frjalsar/aeingatimar **Frístundabíllinn:** Hægt er að nýta frístundabílinn.

Æfingatímar yngri flokkanna fyrir komandi tímabil. Nú er skráning hafin í Nora-kerfinu og foreldrar og forráðamenn hvattir til að skrá iðkendur á þeirra vegum!

Æfingatafla vetrarins hjá 1.-10. bekk

Upplýsingar um flokka	Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga
Piltar og stúlkur fædd 2012-2013 (1. og 2. bekkur) Þjálfari: Melkorka Rán Hafliðadóttir og aðstoðarþjálfarar. Uppl. veitir Melkorka: melkorkaran97@gmail.com, 698 3634	16:10-17:00		16:10-17:00			
Piltar og stúlkur fædd 2010-2011 (3. og 4. bekkur) Þjálfari: Silja Úlfarsdóttir og aðstoðarþjálfarar. Uppl. veitir Silja: siljaulfars.is@gmail.com, 698 3223	15:10-16:00		15:10-16:00			
Piltar og stúlkur fædd 2008-2009 (5. og 6. bekkur) Þjálfari: Felix Woelflin og Arna Stefanía Guðmundsdóttir. Uppl. veitir Felix: felix.e.woelflin@gmail.com, 784 2584. Arna: arnastefania@gmail.com, 843 9964	17:00-18:00		17:00-18:00		16:30-17:30	
Piltar og stúlkur fædd 2006-2007 (7. og 8. bekkur) Þjálfari: Hermann Þór Haraldsson og aðstoðarþjálfari. Uppl. veitir Hermann: hermannthh@hotmail.com, 778 8101	16:00-17:30	16:00-17:30		16:00-17:30	16:00-17:30	
Piltar og stúlkur fædd 2004-2005 (9. og 10. bekkur) Þjálfari: Bogi Eggertsson og aðstoðarþjálfari. Uppl. veitir Bogi: eggertssonb@gmail.com, 847 3472	18:00-19:30	18:00-19:30		18:00-19:30	17:30-19:00	11:00-13:00

Nánari upplýsingar á www.fh.is/frjalsar

Bæjarbúar fá 30 daga til koma með ábendingar um drög að miðbæjarskipulagi

Legið hefur verið á tillögunum í langan tíma og fyrri ákvarðanir um kynningu hunsaðar

Á fundi skipulags- og byggingarráðs 9. janúar 2018 var endurskoðun á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar tekin til skoðunar. Afmörkun miðbæjarins er svæði sem afmarkast af Víkingastræti, Suðurgötu, Strandgötu og allt að safnahúsum við Vesturgötu.

Fól ráðið skipulagsfulltrúa að koma með tillögu að framhaldi verksins.

Til að leggja grunn að markmiðasetningu og fá víðari framtíðarsýn voru ráðnar þrjár arkitektastofur til hugmynda- og tillöguvinnu að framtíðarsýn á miðbæ Hafnarfjarðar. Áttu stofurnar að skila sinni vinnu 19. febrúar 2018.

Skipulagsfulltrúi lagði svo fram 5. febrúar eftirfarandi tillögur um framgang verksins sem skipulags- og byggingarráð samþykkti 9. febrúar 2018:

- *Fyrirhugað er að eftir kynningu í ráðum, verði haldinn almennur(ir) kynningarfundur(ir) fyrir bæjarbúa.*
- *Hugmyndavinna kynnt í bæjarblöðum.*
- *Opnuð verði heimasíða, þar sem gögn liggja frami og að bæjarbúum gefist kostur til að koma á framferi eigin hugmyndum og tillögum.*
- *Ráðinn verði verkefnastjóri verkefnisins.*
- *Úr framkomnum hugmyndum og tillögum verði unnin samkeppnishýsing.*
- *Opin samkeppni í samræmi við reglur AÍ.*
- *Unnin aðalskipulagsbreyting og deiliskipulag byggt á niðurstöðu samkeppninar.*

VINNUHÓPUR SKIPAÐUR RÚMU ÁRI SÍÐAR

Þrátt fyrir að arkitektastofurnar þrjár hafi skilað tillögum sínum var vinnuhópur ekki skipaður fyrr en 28. mars sl., rúmu ári eftir að tillögunar lágu fyrir. Vinnuhópurinn tók sér um fimm mánuði til að vinna úr tillögunum og er bæjarbúum nú gefinn tími til 20. september til að senda inn athugasemdir/



Mýnd: Trípolí

viðbætur við fyrirbyggjandi drög sem finna má á heimasíðu bæjarins. Þau drög eru tillögur arkitektastofunnar Trípolí sem var ein þriggja sem lögðu fram tillögur. Það var mat vinnuhópsins eftir að hafa fengið mat hjá Teikn arkitektastofu á tillögunum þremur að Trípolí vinni áfram að deiliskipulagi miðbæjarins á grundvelli þeirrar vinnu sem stofan lagði inn og kynnt eru í drögunum og forskrift vinnuhópsins.

KYNNT Á HEIMASÍÐU BÆJARINS

Tillögunar hafa aðeins verið kynntar á heimasíðu bæjarins og enginn kynningarfundur hefur verið auglýstur hvað sem síðar verður.

TVÖFALDA Á BYGGINGARMAGN

Í tillögum Trípolí er gert ráð fyrir að tvöfalda byggingarmagnið í miðbænum með nýjum byggingum en m.a. á að bæta 300-350 íbúðum við í miðbænum, auka hótélrými um 4.500 m², auka atvinnurými um 14.000 m² en rými undir menningartengda starfsemi verður óbreytt skv. drögunum.

BÍLASTÆÐI NEÐANJARÐAR

Í dag eru samtals 696 bílastæði í miðbænum og er gert ráð fyrir að fjölga þeim um 394-494 en af þeim verði 500 þeirra neðanjarðar auk 250-350 einkastæðum í bílarkjöllurum íbúðarhúsa.

HLÚA Á AÐ FYRIRTÆKJUM

Undanfarið hefur íbúðum fjölgað í miðbænum á kostnað atvinnuhúsnaðis en í drögunum er gert ráð fyrir að hlúa enn betur að þeim fyrirtækjum sem þegar eru í rekstri og bæta samkeppnisumhverfi Hafnarfjarðar.

Ýmsar vangaveltur eru í 5 blaðsíðna tillögum starfshópsins þar sem m.a. kemur fram að lögð skuli áhersla á að nýbyggingar í miðbænum virði fingert yfirbragð byggðarinnar í kring í stað þess að leita hámarks nýtingar á byggingarreitum.

Segir í lokaorðum skýrslunnar að mikilvægt sé að hafa skýra framtíðarsýn sem veiti heildarmynd og yfirsýn yfir næstu mögulegu vaxtarskeið Hafnarfjarðar.

Rauðlituðu byggingarnar eru nýjar byggingar skv. hugmyndum arkitektanna.

ÁFANGASKIPTING

Talið er mikilvægt að áfangaskipta uppbyggingunni í miðbænum þar sem Strandgatan verði fyrsti áfangi og Fjarðargatan annar áfangi.

EKKI SAMKEPPNI UM MIÐBÆJARSKIPULAG

Vinnuhópurinn var sammála mati Teikn arkitektastofu á upphaflegu tillögunum þremur að óvist væri hvort betri tillögur en þær sem liggja fyrir, komi út úr samkeppni. Upphaflega var gengið út frá því að haldin yrði opin samkeppni um skipulagið sem er mikil stefnubreyting í svo veigamiklu máli sem nýtt miðbæjarskipulag er.



Ljóm: Guðni Gleason



Vetrarstarf **HAUKA**



Æfingatafla knattspyrnudeildar

Gildir frá 2. september

STELPUR

4. flokkur (árgangar 2006–2007)

Mánudagar kl. 17:00–18:00 Gervigrasið

Þriðjudagar 17:00–18:00 Gervigrasið

Fimmtudagar 17:00–18:00 Gervigrasið

Sunnudagar 11:00–12:00 Gervigrasið

5. flokkur (árgangar 2008–2009)

Þriðjudagar kl. 16:00–17:00, Ásvellir, Gervigrasið

Miðvikudagar kl. 15:00–16:00 Ásvellir, inni

Föstudagar kl. 15:00–16:00 Ásvellir, Gervigrasið

6. flokkur (árgangar 2010–2011)

Þriðjudagar kl. 16:00–17:00 Gervigrasið

Miðvikudagar kl. 15:00–16:00 Ásvellir, inni

Föstudagar kl. 15:00–16:00 Gervigrasið

7. flokkur (árgangar 2012–2013)

Þriðjudagar kl. 15:00–16:00 Ásvellir, Gervigrasið

Miðvikudagar kl. 16:00–17:00 Ásvellir, inni

Fimmtudagar kl. 15:00–16:00 Ásvellir, inni

8. flokkur (árgangar 2014–2015)

Þriðjudagar kl. 17:10–18:00, Ásvellir, inni

Fimmtudagar kl. 17:45–18:30, Hraunvallaskóli

STRÁKAR

4. flokkur (árgangar 2006–2007)

Mánudagar kl. 16:00–17:00 Gervigrasið

Miðvikudagar kl. 16:00–17:00 Gervigrasið

Fimmtudagar kl. 15:00–16:00 Gervigrasið

Laugardagar kl. 13:00–15:00 Gervigrasið

5. flokkur (árgangar 2008–2009)

Mánudagar kl. 17:00–18:00 Gervigrasið

Miðvikudagar kl. 15:00–16:00 Gervigrasið

Laugardagar kl. 11:00–12:00 Gervigrasið

6. flokkur (árgangar 2010–2011)

Miðvikudagar kl. 17:00–18:00 Gervigrasið

Fimmtudagar kl. 16:00–17:00 Gervigrasið

Laugardagar kl. 12:00–13:00 Gervigrasið

7. flokkur (árgangar 2012–2013)

Þriðjudagar kl. 16:00–17:00 Gervigrasið

Miðvikudagar kl. 16:00, Ásvellir, inni

Laugardagar kl. 14:30–15:30 Ásvellir, inni

8. flokkur (árgangar 2014–2015)

Þriðjudagar kl. 17:10–18:00 Ásvellir, inni

Sunnudagar kl. 10:10–11:00 Ásvellir, inni



Æfingatafla handknattleiksdeildar

STELPUR

5. flokkur (árgangar 2006–2007)

Þriðjudagar kl. 16:00–17:00 Ásvellir A salur

Miðvikudagar kl. 17:00–18:00 Ásvellir A salur

Fimmtudagar kl. 16:00–17:00 Ásvellir A salur

Sunnudagar kl. 12:00–13:00 Ásvellir B salur

6. flokkur (árgangar 2008–2009)

Mánudagar kl. 16:00–17:00 Ásvellir A og B salur

Föstudagar kl. 16:00–17:00 Ásvellir A salur

Laugardagar kl. 10:00–11:00 Ásvellir A og B salur

7. flokkur (árgangar 2010–2011)

Mánudagar kl. 15:00–16:00 Ásvellir A salur

Þriðjudagar kl. 15:00–16:00 Ásvellir B salur

Fimmtudagar kl. 15:00–16:00 Ásvellir B salur

8. flokkur (árgangar 2012 og yngri)

Þriðjudagar kl. 17:10–18:00 Ásvellir A salur

Fimmtudagar kl. 17:10–18:00 Ásvellir A og B salur

STRÁKAR

5. flokkur (árgangar 2006–2007)

Mánudagar kl. 17:00–18:00 Ásvellir B–salur

Þriðjudagar kl. 16:00–17:00 Ásvellir B salur

Fimmtudagar kl. 16:00–17:00 Ásvellir A salur

Sunnudagar kl. 12:00–13:00 Ásvellir A salur

6. flokkur (árgangar 2008–2009)

Þriðjudagar kl. 17:00–18:00 Ásvellir A og B salur

Föstudagar kl. 16:00–17:00 Ásvellir B salur

Sunnudagar kl. 11:00–12:00 Ásvellir A og B salur

7. flokkur (árgangar 2010–2011)

Mánudagar kl. 15:00–16:00 Ásvellir B–salur

Þriðjudagar kl. 15:00–16:00 Ásvellir A–salur

Fimmtudagar kl. 15:00–16:00 Ásvellir B–salur

8. flokkur (árgangar 2012 og yngri)

Mánudagar kl. 17:10–18:00 Ásvellir A salur

Fimmtudagar kl. 17:10–18:00 Ásvellir A og B salur

Líf og fjör á Ásvöllum í vetur

Haukar bjóða upp á fjölbreytta íþróttastarfsemi við góðar aðstæður innan- og utandyr á Ásvöllum. Skráning í vetrarstarfið er hafin á „**Mínar síður**“ á vef Hafnarfjarðarbæjar.

Æfingatafla körfuknattleiksdeildar

STELPUR

7.–8. flokkur flokkur (árgangur 2006–2007)

Þriðjudagur kl. 16:00–17:00 Ólafssalur
Fimmtudagur kl. 17:00 – 18:00 Ólafssalur
Föstudagur kl. 17:00 – 18:00 Ólafssalur
Sunnudagur kl. 10:00 – 11:00 Ólafssalur

Minnibolti 11 ára (árgangur 2008)

Mánudagur kl. 17:45–19:00 Hraunvallaskóli
Miðvikudagur kl. 17:50–19:00 Ólafssalur
Fimmtudagur kl. 16:30 – 17:45 Hraunvallaskóli
Laugardagur kl. 10:00 – 11:15 Ólafssalur A

Minnibolti 10 ára (árgangur 2009)

Mánudagur kl. 16:30–17:45 Hraunvallaskóli
Miðvikudagur kl. 16:00 – 17:00 Ólafssalur
Sunnudagur kl. 11:00 – 12:00 Ólafssalur

Minnibolti 8–9 ára (árgangur 2010–2011)

Mánudagur kl. 18:00–19:00 Ólafssalur
Miðvikudagur kl. 17:00 – 18:00 Ólafssalur
Sunnudagur kl. 10:00 – 11:00 Ólafssalur

Byrjendaflokkur (árgangur 2012–2013)

Mánudagur kl. 16:10–17:00 Ólafssalur
Miðvikudagur kl. 17:00 – 17:50 Ólafssalur

Leikskólahópur (árgangur 2014–2015)

Laugardagur kl. 10:15–11:00 Hraunvallaskóli (Fyrsta æfing 7. sept.)

Special Olympics (árgangur 2013–2007)

Laugardagur kl. 11:10–12:00 Hraunvallaskóli (Fyrsta æfing 7. sept.)



STRÁKAR

7.–8. flokkur (árgangur 2006–2007)

Mánudagur kl. 17:00 – 18:00 Ólafssalur A+B
Fimmtudagur kl. 17:00–18:00 Ólafssalur
Föstudagur kl. 16:00 – 17:00 Ólafssalur A+B
Sunnudagur kl. 12:00 – 13:00 Ólafssalur A+B

Minnibolti 11 ára (árgangur 2008)

Þriðjudagur kl. 18:00 – 19:00 Ólafssalur
Miðvikudagur kl. 16:30–17:45 Hraunvallaskóli
Fimmtudagur kl. 16:00–17:00 Ólafssalur
Sunnudagur kl. 14:00 – 15:00 Ólafssalur

Æfingatafla karatedeildar

Karatedeild Hauka býður upp á æfingar fyrir byrjendur sem lengra komna á öllum aldri, bæði stelpur og stráka.

Upplýsingar um æfingátíma má finna á www.kdh.is



Minnibolti 10 ára (árgangur 2009)

Þriðjudagur kl. 16:30 – 17:45 Hraunvallaskóli
Fimmtudagur kl. 16:00–17:00 Ólafssalur
Sunnudagur kl. 13:00 – 14:00 Ólafssalur

Minnibolti 8–9 ára (árgangur 2010–2011)

Þriðjudagur kl. 15:00–16:00 Ólafssalur
Föstudagur kl. 15:00 – 16:00 Ólafssalur
Laugardagur kl. 14:00 – 15:00 Ólafssalur

Byrjendaflokkur (árgangur 2012–2013)

Mánudagur kl. 16:10–17:00 Ólafssalur
Miðvikudagur kl. 17:00–17:50 Ólafssalur

Leikskólahópur (árgangur 2014–2015)

Laugardagur kl. 10:15–11:00 Hraunvallaskóli (Fyrsta æfing 7. sept.)

Special Olympics (árgangur 2013–2007)

Laugardagur kl. 11:10–12:00 Hraunvallaskóli (Fyrsta æfing 7. sept.)

Bjóðum nýja iðkendur á öllum aldri velkomna – Haukar, félagið mitt!
Upplýsingar um æfingátíma eldri flokka má finna á heimasíðunni:

www.haukar.is

Haukar hindruðu för FH í efstu deild

Frábær byrjun Hauka skilaði sér í 4-0 forystu eftir 11 mínútna leik á Kaplakrika

FH og Haukar mættust í 1. deild kvenna í knattspyrnu á Kaplakrika sl. föstudag. FH stelpur komu spennar til leiks enda gátu þær með sigri tryggt 2. sætið í deildinni og þar með sæti í úrvalsdeild á næsta tímabili þó þrjár umferðir væru eftir.

Sennilega hefur spennan verið of mikil hjá FH-ingum því Haukar hreinlega völdu yfir FH-ingana og fór þar fremst í flokki Vienna Behnke sem skoraði þrennu áður en 10 mínútur voru liðnar af leiknum! Og ef þá var farið að fara um FH-ingana þá átti ástandið hjá þeim bara eftir að versna því Sierra

Marie Lalii bætti fjórða markinu við eftir 11 mínútna leik og Dagrún Birta Karlsdóttir bætti svo fimmta markinu við eftir 36 mínútna leik.

Stuttu seinna gerði Tara Björk Gunnarsdóttir sjálfsmark og staðan var 1-5 í hálfleik. Ótrúlegur hálfleikur.

FH-ingar bitu svo í skjaldarendur og eftir þriggja mínútna leik bætti Margrét Sif Magnúsdóttir öðru marki við fyrir FH og fjórum mínútum síðar bætti Birta Georgdóttir þriðja markinu við og staðan allt í einu 3-5 og menn spurðu sig hvort leikurinn væri að snúast við.



Vienna Behnke skoraði þrennu fyrir Hauka.

En mörkin urðu ekki fleiri og FH fær aðra möguleika, næst gegn toppliðinu Þrótti R. og síðan gegn Augnabliki sem vermir næst neðsta sætið og berst gegn falli.

Haukar sem hafa leikið gríðarlega vel undanfarið fíkra sig upp töfluna og eru nú í 4. sæti og eiga möguleika á að ná 3. sætinu ef vel gengur í lokaumferðunum.



Þriðja mark Hauka í uppsiglingu.

Tvær nýjar sýningar í Hafnarborg

Fangelsi og frelsi í myndlist viðfangsefni sýninganna



Mynd af sýningunni „Allt á sama tíma“.

Á föstudaginn kl. 20 verða opnaðar tvær nýjar sýningar í Hafnarborg, annars vegar „Allt á sama tíma“, haustsýning Hafnarborgar, í sýningarstjórn Andreu Arnarsdóttur og Starkaðar Sigurðarsonar, og hins vegar „Fangelsi“, ný innsetning myndlistarmanna Olgu Bergmann og Önnu Hallin.

Hugmyndin með haustsýningu Hafnarborgar í ár, Allt á sama tíma, er að kanna hvernig listamenn takast á við það frelsi sem finnst í myndlist í dag. Hvernig hægt er að búa til merkingu úr list sem getur verið hvað sem er, málverk, barnaleikfang, pappmassi, hreyfing, hugmynd, ópera, gifs. Sýnd verða verk í ólíkum miðlum, frá olíumálverki til gjörninga, og gerð tilraun til að sameina þær dreifðu hugmyndir sem finnast í myndlist samtímans.

Listamennirnir sem taka þátt í sýningunni eru Auður Lóa Guðnadóttir, Baldvin Einarsson, Bára Bjarnadóttir, Rúnar Öm Marinósson, Sigrún Gyða Sveinsdóttir, Steingrímur Gauti Ingólfsson og Valgerður Sigurðardóttir.

Innsetning Olgu Bergmann og Önnu Hallin, Fangelsi, byggist á reynslu þeirra við gerð listaverka fyrir fangelsið á Hólmsheiði. Þær velta fyrir sér hugmyndum um eftirlit og frelsissviptingu með vísunum í „mise en abyme“, eða fyrirbærið „mynd innan í mynd“, sem eins konar táknmynd um lokað samfélag innan samfélagsins. Þar standa íbúarnir utan hins alltumlykjandi eftirlitsamfélags nútímans, sem flestir taka þátt í af meira eða minna fúsum og frjálsum vilja, ólíkt samfélagi fangelsisins og hins stranga innra eftirlits sem þar ríkir í lokaðu kerfi.

KARLAKÓRINN ÞRESTITR auglýsir lausar stöður í öllum röddum



Við erum að hefja metnaðarfullt og öflugt vetrarstarf og framundan eru skemmtilegir viðburðir, tónleikar, samvera og félagslíf.

Hafir þú áhuga á að taka þátt í gefandi söng- og félagsstarfi þá er Karlaþórinn Þrestir rétti vettvangurinn fyrir þig.

Áhugasamir hafi samband við kórstjóra þrasta, Árna Heiðar Karlsson, arniheidar@gmail.com



LISTDANSSKÓLI
HAFNARFJARÐAR

SKRÁNING ER HAFIN FYRIR HAUSTÖNN!

BALLETT
BARNADANS
DJASSDANS
NÚTÍMADANS
SILKI

LISTDANSSKÓLI HAFNARFJARÐAR
HELLUHRAUN 16-18
LISTDANSSKOLI.IS

Gengu syngjandi með íslenska fánann um götur Bolzano

Unglingakór Hafnarfjarðarkirkju fór í vel heppnað söngferðalag til Ítalíu

Þann 12. júní sl. lagði 72 manna galvaskur hópur af stað í átta daga söngferðalag til Ítalíu. Hópurinn samanstóð af kórfélugum úr Unglingakór Hafnarfjarðarkirkju, Stúlnakór Seljakirkju, foreldrum, farastjórum og kórstjórum. Ferðinni var heitið til Bolzano sem er við rætur Dólómítafjallanna á Ítalíu.

Undirbúningur ferðar hafði staðið í rétt tæpt ár og höfðu foreldrar og kórbörn lagst á eitt til að safna fyrir ferðinni sem tókst með prýðis árangri þökk sé fjölskyldum, vinum, hafnirskum bæjarbúum og fyrirtækjunum sem ávallt tóku vel á móti börnunum vegna fjáraflana.

Kóranir heimsóttu grunnskóla í Bolzano þar sem góð stemning myndaðist og voru ítölsku börnin áhugasöm um að taka þátt í flutningi laga. Tilviljun réð því að skólahljómsveit Grafarvogs var einnig í heimsókn í Bolzano og því var tilvalið að halda tónleika með þeim ásamt ítalskri hljómsveit og barnakór. Tónleikarnir voru haldnir fyrir fullu húsi í fallegum sal Conservatorio Monteverdi Bolzano og enduðu á því



Brosað í sólinni fyrir utan grunnskólann Istituto comprensivo Bolzano 6 Manzoni.

að allir flytjendurnir fluttu saman eitt lag sem sungið var á ítölsku.

Einn daginn var keyrt að Gardavatni þar sem ferðalangar nutu sólar á ströndinni áður en kóranir héldu tónleika í Parrocchiale di toscolano kirkjunni ásamt ítalska barnakórnum Piccoli Cantori di Maderno.

Kóranir fengu frábærar viðtökur og eftir tónleikana buðu foreldrar barnanna í ítalska kórnum öllum hópnum upp á heimatilbúna ítalska kvöldmáltíð sem

snædd var úti við í yfir 30 stiga hita. Þrátt fyrir mikinn hita var börnunum hrósað fyrir að vera raddlega góð með geislandi og gefandi framkomu.

Í ferðinni fór hópurinn einnig að hlusta á tónleika hjá Barnakór og sinfóníuhljómsveit í Comunale leikhúsinu í Bolzano þar sem þau fengu að kynnst ólíkum hefðum í tónleikahaldi landanna.

Börnin heimsóttu safn þar sem þau fengu að sjá og kynnst sögu 5300 ára múmíunnar Ötzi. Einnig var farið með kláf upp í 1000 metra hæð þar sem hópurinn naut stórkostlegs útsýnis yfir Bolzano ásamt því að kíkja á hunangssafn. Sundlaugargarðurinn Lido sveik engann né Gardaland þar sem allir gátu fundið sér leiktæki við hæfi.

Kórbörnin nutu samveru nokkurra foreldra kórbarna og myndaðist frábær stemning í hópnum. Foreldrar slógu upp dýrindis kvöldverði með ítölsku yfirbragði og kórbörn sáu um kvöldvöku úti við þar sem spurningakeppni fór fram, sýndir voru frumsamdir dansar og lög sem voru sungin við undirleik ukulele og glasa.



Götustemming í Bolzano.

Alla ferðina vakti hópurinn eftirtekt þar sem hann gekk syngjandi glaður um götur Bolzano með íslenska fánann og tóku krakkarnir það upp hjá sjálfum sér að slá upp tónleikum fyrir gesti og gangandi á einu af fallegu torgum Bolzano.

Eftir situr skemmtileg og þroskandi ferð sem á eftir að vera í minni hafnirfirsku kórbarnanna um ókomna tíð.

Óskar Íslandsmeistari í tíu af tólf greinum

Leysti 3x3 rubikskubbapraut á 8,59 sekúndum



Þessir unnu til verðlauna en keppt var í 12 mismunandi þrautum.

Íslandsmót í lausn rubikskubbaprauta var haldið í Flensborgarskóla nú um helgina. Alls var keppt í 12 greinum og 28 keppendur á öllum aldri tóku þátt.

Mótið er alþjóðlega viðurkennt og undir verndarvæng alþjóðlega tölfræningssambandsins (World Cube Association).

Fyrri daginn var keppt í stærri kubbunum 7x7, 6x6 og 5x5 ásamt nokkrum skritnum kubbum eins og Squer-1 og Skewb en síðari daginn var áherslan á minni kubba eins og 2x2 og hinn sígilda 3x3 sem allir þekkja sem hinn upprunalega töfratening eða Rubikskubb.

Meðal keppenda voru Hafnirföngarnir Óskar Pétursson, Hróar Hrólfsson, Sölvi Reyrr Magnússon og Tryggvi M. Ragnarsson og voru þeir sáttir við árangurinn. Óskar Pétursson varð Íslandsmeistari í 10 af 12 greinum sem keppt var í og Hróar Hrólfsson lenti í öðru sæti í 3x3 sem er vinsælasta greinin og sú sem fær mesta athygli.

Óskar setti nýtt Íslandsmet er hann leysti 3x3 kubbinn á 8,59 sekúndum.

Þetta er í annað skipti sem kubbamót er haldið í Flensborgarskóla og létu keppendur og áheyrendur mjög vel frábærri aðstöðu skólans til móthalds af þessu tagi.



Óskar Pétursson.

„Úr skúrnum“

Yfirlitssýning á handverki Ólafs A. Guðmundssonar

Á mánudaginn var opnuð glæsileg yfirlitssýning á verkum Ólafs Andrésar Guðmundsson sem fagnaði 90 ára afmæli þann dag. Sýningin er í Hraunseli, Flatahrauni 3 og stendur til laugardags.

Sýning er mjög áhugaverð enda fjölbreytt verkefni sem Ólafur hefur tekið að sér. Þá er sýningin afar fallega upp sett og hæfir vel því fallega handverki sem þar er sýnt.

Troðfullt var við opnun sýningarinnar og komu margir til að fagna með Ólafi.

Ólafur tók kampakátur á móti gestum sem komu og samföggnuðu honum og fengu að skoða fallega sýninguna.



Ljóm: Guðni Grísson



Ljóm: Guðni Grísson

Uppskeruhátíð sumarlesturs Bókasafns Hafnarfjarðar



Laugardaginn 7. september
kl. 12:00 - 14:00



Sirkus Íslands

Andlitsmálun
Blöðrulistamaður
Candy floss vél

Bergrún Íris verður
með upplestur



Dregið úr lestrardagbókum

Allir velkomnir!



Allir í dans

Kennsla hefst laugardaginn 7.sept

Street Jazz

Rosa stuð fyrir 7 - 10 ára & 11 - 15 ára. Kenn 2x í viku.

Samkvæmisdansar

Barna- og unglingahópar
Hjóna- og keppnishópar
Byrjendur og framhald

Zumba

Eldhressir tímar með heimsklassa
kennurum. 10 vikur

Break Dance

Kennt 2x í viku

Salsa-Merenge- Caribbean dansar

Þör og einstaklingar. Byrjendur/framhald.
10 vikur.

Jazzleikskólinn

3. - 4. ára. Frábærir tímar fyrir þau yngstu

Kennslustaðir:

Haukahraun 1 og Íþróttahús Setbergsskóla, 220 Hafnarf.




Dansíþróttafélag
Hafnarfjarðar

Haukahraun 1 - Hafnarfirði - www.dih.is - dihdans@simnet.is

15 vikna
námskeið

Innritun á
www.dih.is
sími: 861-6522



ÍÞRÓTTIR

KNATTSPYRNA:

30. ágúst kl. 18, Leiknisvöllur,
Leiknir R. - Haukar, 1. deild karla

31. ágúst kl. 19.15, Ásgarður,
Stjarnan - FH, úrvalsdeild karla

ÚRSLIT KVENNA:

FH - Haukar: 3-5

ÚRSLIT KARLA:

FH - Breiðablik: 2-4
Haukar - Afturelding: 1-1

HANDBOLTI:

1. sept. kl. 14, Belgía
HC Vise BM - FH, EHF keppni karla

1. sept. kl. 18, Ásvellir
Haukar - Talent M.A.T. Plzen,
EHF keppni karla

ÚRSLIT HAFNARFJARÐARMÓT:

FH - Haukar: 28-21
Valur - Afturelding: 26-30
Haukar - Valur: 21-26
FH - Afturelding: 32-31
FH - Valur: 30-26
Haukar - Afturelding: 28-24

HAFNARFJARÐARMÓTIÐ 2019

	FÉLAG	LEIKIR	S	J	T	MÖRK	NETT	STIG
1	FH	3	3	0	0	90	12	6
2	Valur	3	1	0	2	78	-3	2
3	Afturelding	3	1	0	2	85	-1	2
4	Haukar	3	1	0	2	70	-8	2

sport@fjardarfrettir.is

AUGLÝSINGAR

Náðu til Hafnfirðinga

sími 565 3066 - 896 4613
gudni@fjardarfrettir.is

www.fjardarfrettir.is

FJARÐARFRÉTTIR

Eina vikulega bæjarblaðið!

Langar þig að syngja?



Kvennakór Hafnarfjarðar leitar að áhugasömum konum til að taka þátt í skemmtilegu og gefandi kórstarfi.

Raddpróf verða í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar mánudaginn 2. september kl. 18.

Nánari upplýsingar veitir formaður kórsins, Hulda Björnsdóttir, í síma 849 4153. Einnig má senda tölvupóst á netfang kórsins, kvennakor.hafnarfjarðar@gmail.com

FH sigraði á Hafnarfjarðarmótinu

Haukar urðu í neðsta sæti á æfingamóti fyrir Íslandsmótið í handbolta karla



FH-ingar mæta greinalega vel stemmdir til leiks á Íslandsmótinu í handknattleik karla.

Hafnarfjarðarmótið, sem er undirbúningsmót fyrir Íslandsmótið í handknattleik karla, var haldið í Kaplakrika

í síðustu viku. Þar kepptu FH, Haukar, Afturelding og Valur.

Í fyrra sigruðu Haukar og FH vann engan leik en nú voru FH-ingarnir sterkastir, unnu alla sína leiki og eflaust var sætasti sigurinn gegn Haukum 28-21.

Bæði FH og Haukar leika á sunnudaginn í EHF keppni karla, FH fer til Belgíu og mætir HC Vise BM en Haukar taka á móti tékkneska liðinu Talent M.A.T. Plzen á Ásvöllum kl. 18.

Fer Íslandsmótið síðan af stað í næstu viku.



Starf hjá Knattspyrnufélaginu Haukum

Haukasel, Frístundaheimili Hauka að Ásvöllum, óskar eftir að ráða starfsmann í hlutastarf frá kl. 13:00 til 17:00 virka daga.

Viðkomandi þarf að hefja störf sem fyrst.

Umsóknir berist til forstöðumanns, iris@haukar.is og upplýsingar um starfið eru gefnar í síma 848 6340.



Mannbætandi félagsstarf

Guðmar, Þóra, Hjálmar og Sigrún Jóna, sem hafa verið mislengi í Oddfellow, segja starfið mannbætandi

Á þessu ári eru 200 ár síðan Oddfellowreglan var stofnuð. Reglur um allan heim fagna þessum tímamótum og á því er engin undantekning í Hafnarfirði. Þar starfa 7 stúkur, 4 karlastúkur og 3 kvennastúkur.

Blaðamaður Fjarðarfréttanna hitti af því tilefni fjóra félaga stúkunnar, tvönn hjón, Guðmar Sigurðsson og Þóru Hjálmarsdóttur, son þeirra Hjálmar og konu hans, Sigrúnu Jónu G. Eydal.

„Ég er búin að vera lengst,“ segir Þóra sem er búin að vera stúkufélagi í 31 ár nú í október. Foreldrar hennar eru bæði stúkufélagar en stúkurnar eru kynjaskiptar. Maður hennar, Guðmar gekk í Oddfellowregluna 1996 og sonur þeirra Hjálmar 2012 en Sigrún Jóna er nýgengin í stúkuna og er enn í inngönguferlinum sem tekur um eitt ár. Feðgarnir eru í sömu stúkunni og Þóra og Sigrún Jóna í sömu stúku einnig.

Auk stúkanna eru líka það sem kallast búðir, en í þær koma mjög reyndir félagar úr öllum stúkum og hittast félagar mánaðarlega en almennir stúkufundir eru hálfsmánaðarlega frá miðjum september til miðs maí.

Þess að hann vildi gerast félagi þegar aðstæður voru þannig. Aðspurður segist hann hafa vitað út á hvað starfið gengi en hann vissi ekki allt. Hann vissi að þetta væri góðgerðarfélag og að það væru ákveðnir fundarsíðir en t.d. ekki hvaða síðir það væru.

AÐEINS LEYND YFIR ÞVI SEM GERIST Á FUNDUM

Eina leyndin sem hvílir á stúkunni er það sem fer fram á fundum, allt annað er hægt að kynna sér á vefsíðu hreyfingarinnar.

Aðspurð um góðgerðarmálin sögðu þau að nær allt fé kæmi frá félagsgjöldum og viðburðum á vegum stúkanna. Þóra sagði að stúkusystur hafi oft hist utan venjulegs fundartíma og þá fönnduðu þær og gerðu ýmislegt sem þær seldu á fundum þar sem öðrum konum væri boðið.

GEFA RÍKULEGA TIL GÓÐGERÐARMÁLA

Guðmar segir að hver stúka gefi árlega um eina til tvær milljónir kr. á ári til ýmissa góðgerðarmála en um 80

Oddfellowreglan leggur félögum sínum á herðar:

- *Að kynna grundvöll vináttu, kærleika og sannleika meðal manna.*
- *Að styrkja þá og aðstandendur þeirra í trúnni á eina æðstu veru.*
- *Að sérhver einstaklingur geti, í samræmi við hæfni sína, lagt sitt af mörkum til þess að hjálpa náunga sínum, til betra og farsælla lífs.*
- *Að kenna þeim að orðin tóm nægja ekki.*

Þetta eru markmið sem enginn getur náð öðruvísi en að bæta fyrst sjálfan sig, með stuðningi félaga sinna í reglunni. Á fundum er leitað til þess að vinna sem best að markmiðum reglunnar og einingu meðal félaga hennar.

„Þetta er mikil mannrækt,“ segir Hjálmar. „Maður er að rækta sjálfan sig,“ segir hann en innan stúkunnar séu viss gildi sem starfið byggist á.

Í starfinu fá félagar að njóta sín og þeir sem hafa leiðtogahæfileika fá að nýta þá þegar þeirra tími er kominn að sögn Guðmars. „Kosið er lýðræðislega í stjórnum annað hvert ár og ferlið er bara

aðila sem kemur með nýjan fróðleik inn.

Makar eru gjarnan teknir með á ákveðna fundi og hugað er einnig að böndunum og segja þau fjögur að vináttan og mannræktin sé mjög mikilvægur þáttur í starfinu en reglufélagar huga vel að hverjum öðrum að sögn þeirra.

ÖPIÐ HÚS Á SUNNUDAG

Fjórmenningarnir eru greinilega mjög hugfangnir af starfinu og upplýsa um margt sem hér næst ekki að setja á blað en bæjarbúum er boðið að forvitnast nánar um starfið á opnu húsi að Staðarbergi 1 á sunnudaginn kl. 13-17 þar sem hægt verður að skoða húsakynninn.

SJÖ STÚKUR Í HAFNARFIRÐI

46 stúkur eru starfandi á Íslandi. 28 bræðrastúkur og 18 kvennastúkur. Þá starfa 11 Oddfellowbúðir á Íslandi, 6 patriarkabúðir og 5 matriakabúðir.

Í Hafnarfirði starfa bæði bræðrastúkur og Rebekkastúkur

- Bjarni riddari sem fundar annan hvern miðvikudag.
- Snorri goði sem fundar 1. og 3. fimmtudag í mánuði.
- Þorlákur helgi sem fundar 2. og 4. fimmtudag í mánuði.
- Gissur hvíti sem fundar annan hvern miðvikudag
- Rannveig sem fundar 1. og 3. mánudag í mánuði.
- Barbara sem fundar 2. og 4. mánudag í mánuði.
- Elísabet sem fundar 1. og 3. þriðjudag í mánuði.



Hjálmar, Sigrún Jóna, Guðmar og Þóra eru samheldin í starfinu með Oddfellow.

GEFANDI STARF

Þóra segir mjög gefandi að starfa í Oddfellow. T.d. í búðunum hitti hún konur annars staðar frá og eflir tengslin.

„Ég var ekki alveg tilbúin að ganga í stúku á sama tíma og Þóra,“ segir Guðmar. „Ég var svo mikið í Slysó, björgunarsveitinni í gamla daga og við hittumst á sama tíma og stúkufundir voru. Svo fannst mér komið gott í Slysó og kominn tími til að fara í Oddfellow,“ segir Guðmar en Þóra hafði líka verið mjög virk í kvennadeild Slysavarna-félagsins, Hraunprýði.

„Ég hef alltaf viljað láta gott af mér leiða,“ segir Þóra, „en mamma varð félagi fljótlega eftir að stúkan var stofnuð hér í Hafnarfirði 1983 og pabbi var í Bjarna riddara og þetta leiddi hægt og rólega að því að ég gerðist félagi.“

Hjálmar tók fram að aldrei hafi verið prédikað yfir honum um stúkustarfið, en kynnin og afspurn af starfinu varð til

manns eru í stúkunum sem þau eru í. Af styrkjum nefnir Þóra að hennar stúka hafi gefið flygil í nýja Sólvang og hvíldarstóla í dagvistunina. Þá hafi stúkan gefið fé í Konukot auk þess sem stúkan gefi í október ár hvert fé sem safnast hefur í kaffisjóði til Bleiku slaufunnar.

„En þetta er miklu meira en þessi fjáröflun,“ segir Sigrún Jóna, „þetta er miklu meira ánægjulegur félagskapur. Ég er örugglega yngst í minni stúku, 41 árs, en það er svo notalegt, það er svo hlýtt að koma þarna og að tilheyra þessum hópi.“

ÞRÚ STIG Í STARFINU

Starfið skiptist í þrjú stig sem fólkar þarf að ná til að komast á það sem reglufélagar kalla sannleiksstig en einkunnarorð reglunnar er vináttu, kærleikur og sannleikur.

þannig að þú byrjar neðarlega og vinnur þig svo upp.“

„Það skiptir miklu máli að stunda starfið,“ segir Hjálmar. „Þá er maður að innbyrða svo mikið og gefa svo mikið af sér.“

Segir Þóra að erfitt sé að koma aftur eftir að hafa sleppt úr nokkrum fundum og segist hún ávallt hlakka til að mæta á fundi enda líði henni þar mjög vel.

Stúkufélagar geta mætt hjá öðrum stúkum hér heima og erlendis og segjast þeir feðgar hafa farið nokkuð í heimsóknir í aðrar stúkur.

FUNDARFORMIÐ

Félagar mæta jafnvel klukkutíma fyrir fundi og allir heilsast með handabandi. Þá tekur við fundur sem tekur að jafnaði um einn tíma eða rúmlega það. Þá fá menn sér kaffi og spjalla saman en síðan tekur við erindi sem oftast er flutt af utanaðkomandi

Frítt söluverðmat sanngjörn söluþóknun fagljósmyndari

„Minn metnaður er
heilarleiki, vönduð vinnubrögð
og persónuleg þjónusta“



Ársæll Steinmóðsson

löggitur fasteignasali
as@domus.is

Sími: 896 6076

domus
FASTEIGNASALA

Firði, verslunarmiðstöð,
5. hæð (norðurturn), Hafnarfirði



Ál frá Íslandi í 50 ár
ISAL Straumsvík

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ 31. ÁGÚST

Í tilefni af því að **50 ár eru liðin** frá því að byrjað var að framleiða ál á Íslandi efnum við til fjölskylduhátíðar í álverinu í Straumsvík **laugardaginn 31. ágúst kl. 13:00-17:00**. Fjölbreytt, skemmtileg og fræðandi dagskrá í boði fyrir alla fjölskylduna!

HÁTÍÐARDAGSKRÁ

kl. 13:30 & 15:30 Ronja Ræningjadóttir
kl. 14:00 & 16:00 Vísinda Villi
kl. 15:00 Lúðrasveit Hafnarfjarðar
Kassabílar og hoppukastalar
Tækja- og afurðasýning
Leiðsögn um svæðið

**Við bjóðum upp á gómsætar
afmæliskökur, kaffi, pylsur og gos.**

Nánari upplýsingar um viðburðinn finnur
þú á facebook.com/straumsvik



Rútuferðir verða til og frá álverinu
frá Haukahúsinu við Ásvelli.
Fyrstu rúturnar fara kl. 13:00
og fara reglulega á milli.

Endilega nýtið ykkur rúturnar.
Við hlökkum til að sjá ykkur!

RioTinto

Ál frá Íslandi í 50 ár
ISAL Straumsvík